

| | |
|----------------|--|
| Kennari | Björg Eiríksdóttir, BJE , bjorg@vma.is , 691 6681 |
|----------------|--|

Áfangalýsing:

Nemandinn vinnur lokaverkefni eftir eigin áhugasviði allt frá grunnhugmynd að lokaútfærslu. Hann getur dýpkað skilning sinn á miðlum sem hann hefur áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemandinn gerir verkáætlun sem hann fylgir eftir. Hann leitar víða gagna bæði hvað varðar hugmyndir og tækni. Hann ígrundar vinnu sína jafnt og þétt í samvinnu við kennara og nemandahóp. Verk hans skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemandinn gerir grein fyrir forsendum fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, þróunarferli og afstöðu til niðurstöðu. Nemandinn tekur þátt í að undirbúa og setja upp sýningu á verkum hópsins.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvemig myndlistarverk er unnið frá grunnhugmynd að lokaútfærslu
- eigin sköpunarferli og þeim þáttum sem liggja að baki sjálfstæðri og skapandi vinnu
- öguðum vinnubrögðum við þróun og útfærslu hugmynda
- mikilvægi ígrundunar í sköpunarferli
- stöðu eigin verka í myndlistarlegu samhengi
- hvemig samsýning er sett upp

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna myndlistarverk frá grunnhugmynd að lokaútfærslu
- vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða takast á við nýja
- gera verkáætlun og fylgja henni eftir
- vinna sjálfstætt og sýna aga og áráðni í vinnubrögðum
- ígrunda á öllum tímum vinnuferils og vera oplinn fyrir breytingum
- beita víðeigandi aðferðum við útfærslu verka sinna þannig að afrakstur verði í tengslum við ætlan

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja upp sýningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigin verk og listræna niðurstöðu
- stunda nám í myndlist eða myndlistartengdu námi á háskólastigi
- sýna frumkvæði og hugmyndaauðgi í sköpunarferli
- færa rök fyrir þeim ákvörðunum sem hann tekur í þróunarferlinu
- fjalla á upplýstan og greinargóðan hátt um eigin verk og samnemenda þannig að gagnlegar umræður skapist
- undirbúa og setja upp samsýningu



Námsgögn: Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Efni: Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

Lokaverkefni
MYNL3LV05/HÖTE3LV05
Námsáætlun haustönn 2021



Áætlun um yfirferð, verkefni:

| VIKA | DAGS. | DAGSKRÁ | VIKA | DAGS. | DAGSKRÁ |
|------|---------------|--|---------|-------------------------------|---|
| 33 | 18. ágúst | Fundur / skipulag annar | 42 | 20. október | Einstaklingsviðtöl |
| 34 | 25. ágúst | Hugmyndavinna í tíma Verkáætlun kynnt | 43 | 27. október | Fundur í Ketilhúsi / öryfirferð |
| 35 | 1. september | Heimsókn í Ketilhús | 44 | 3. nóvember | Fundur / sýningarundirbúningur |
| 36 | 8. september | Einstaklingsviðtöl | 45 | 10. nóvember | SKIL á verki og lokayfirferð / sýningarundirbúningur |
| 37 | 15. september | Hugmyndavinna í tíma SKIL á verkáætlun | 46 | 17. nóvember Námamatsdagur | Uppsetning í Ketilhúsinu |
| 38 | 22. september | Fundur / yfirferð | 46 / 47 | 20.-28. nóvember | SÝNING Í KETILHÚSINU <i>Yfirferð með kennurum brautar</i> |
| 39 | 29. september | Einstaklingsviðtöl | 48 | 29. nóvember Mánudagur | Sýning tekin niður Verk sótt |
| 40 | 6. október | Einstaklingsviðtöl | 48 / 49 | 29. nóv. - 8. des. | Vinna við greinargerð, dag- /skissubók og ferilmöppu |
| 41 | 13. október | Einstaklingsviðtöl | 49 | 8. desember | SKIL á greinargerð, dag- / skissubók og ferilmöppu |

Verkáætlun: Í upphafi áfangans útbúa nemendur áætlun um eigin vinnu á önninni og skila til kennara (*sjá töflu*). Verkáætlun er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

Skráning á ferli: Nemendur leggja ríka áherslu á markvissa skissu- og hugmyndavinnu og skrá t.d. athuganir, hugsanir, pælingar, mögulegar tengingar, listamenn sem heilla. Þannig gera þeir ferli sitt sýnilegt. Skráningin getur verið í skissubók eða rafræn og nemendur nýta hana við gerð greinargerðar í lok áfangans.

Samræður: Jafnt og þétt verða samræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (*sjá töflu*).

Sýning: Í lok áfangans setja nemendur upp sýningu á verkum sínum. Þeir sjá um undirbúning hennar og skipta með sér verkum.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga sem inniheldur; forsendur fyrir vali á viðfangsefni, lýsingu á hugmynd, lýsingu á ferli og afstaða höfundar til niðurstöðu

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli funda
alla önnina til þess að ná settum markmiðum og árangri**

Lokaverkefni
MYNL3LV05/HÖTE3LV05
Námsáætlun haustönn 2021




Námsmat og vægi námsþátta:

| Matsform: | <input type="checkbox"/> Símat | <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|--|--|--|--|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | | Vægi |
| Ferli Verkáætlun, dag- /skissubók, ferilmappa, greinagerð | Nýsköpun, rannsókn, nýting fyrirmynda, ígrundun | | 30% |
| Verk Kennari áfangan metur | Segir það sem vill segja, tjáning, litur form myndbygging, vald á efnum og aðferðum | | 15% |
| Sýningarundirbúningur | Þátttaka í undirbúningi og uppsetningu sýningar | | 5% |
| Lokaverk og yfirferð Allir kennarar brautar meta (prófdómarar) | Listrænt gildi, uppsetning, kynning | | 50% |
| | Samtals: | | 100% |

Námsmatsþættirir eru metnir stöðugt á önn og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil.

Með fyrirvara um breytingar

Njótið þess að skapa og vinna sjálfstætt
með eigin áhugasvið og styrkleika
og gangi ykkur vel :)



Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brauðarsjúklinga, fagstjóra eða staðgengils